



SKÁKSAMBAND
STOFNAÐ 1925
ÍSLANDS

Sveitarfélagið Árborg
Bæjarstjóri
Hr. Gísli Halldór Halldórsson
Austurvegi 2
800 Selfoss

Reykjavík, 10. janúar 2022

Íslandsmótið í skák í Árborg árið 2022

Íslandsmótið í skák er hápunktur íslensks skáklífs ár hvert. Í landsliðsflokki Íslandsmótsins tefla 10-12 sterkustu skákmenn landsins um Íslandsmeistaratitilinn í skák.

Nú eru 24 ár síðan mótið var haldið síðast í Árborg en árið 1998 var mótið haldið til skiptis á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri. Mótið þótti takast með afar vel og enn þann dag í dag tala skákáhugamenn, sem lögðu leið sína á skákstað, afar vel um mótið og þá faglegu umgjörð sem bæjarfélagið átti þátt í að skapa. Það er líka ánægjulegt að sjá hversu öflugt Skákfélag Selfoss og nágrennis (SSON) er orðið. Tryggt yrði að SSON ætti öfluga fulltrúa á mótinu.

Jafnframt yrði stefnt á það að lokaumferðir áskorendaflokks yrðu haldnar samhliða í Árborg. Þar tefla um 25-40 keppendur.

Skáksambandið óskar því eftir stuðningi bæjarfélagsins við að halda mótið í bænum. Sá stuðningur gæti falist í fríu húsnæði, kaffiveitingum á meðan á móti stendur, fjárhagsstuðningi upp á 300.000 kr. og lokahófi að loknu móti. Skáksambandið mun leggja til alla vinnu við mótið, verða með beinar útsendingar og útvega öll verðlaun. Skáksambandið leggur ávallt mikið upp úr umgjörð þessa móts og mun hún því verða öll hin glæsilegasta. Mótið yrði haldið í nánú samstarfi við SSON.

Stefnt er á að halda mótið í maí-byrjun. Mótshaldið tekur um 11 daga og erum við með í huga 28. apríl-8. maí en erum sveigjanlegir með dagsetningar ef annað hentar betur.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Gunnar Björnsson,
Forseti Skáksambands Íslands

Ingimundur Sigurmundsson,
Formaður Skákfélag Selfoss og nágrennis